

# REGLUR

## Sveitarfélagsins Árborgar um stuðnings- og stoðþjónustu fullorðinna einstaklinga

### I. kafli

#### Almennt um stuðnings- og stoðþjónustu við fullorðinna einstaklinga

##### 1. gr.

##### *Lagagrundvöllur*

Í reglum þessum er kveðið á um útfærslu á þjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita, sbr. 25. - 27. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og 1. tl. 1. mgr. 13. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999 og 1. -3. tl. og 5. tl. 8. gr. laga um um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

Í reglum þessum er fjallað um stuðnings- og stoðþjónustu samkvæmt framangreindum lögum. Hugtakið stuðningur er í reglum þessum notaður yfir alla þá þjónustu sem fellur undir framangreind ákvæði.

##### 2. gr.

##### *Markmið*

Markmið stuðningsþjónustu er að aðstoða, leiðbeina og efla notendur sem þurfa, vegna aðstæðna sinna, eða stuðningsþarfir á stuðningi að halda við athafnir daglegs lífs, við heimilishald og/eða til þess að rjúfa félagslega einangrun. Stuðningsþjónusta skal stefna að því að efla viðkomandi til sjálfsbjargar, gera honum kleift að búa sem lengst í heimahúsi og skapa fólki skilyrði til sjálfstæðs lífs. Við framkvæmd þjónustunnar skal þess gætt að hvetja einstaklinginn til ábyrgðar á sjálfum sér og öðrum, virða sjálfsákvörðunarrétt hans og styrkja hann til sjálfshjálpar. Um leið skal unnið að því að skapa skilyrði til að einstaklingurinn geti tekið virkan þátt í samfélaginu. Félagssleg þjónusta skal í heild sinni stuðla að valdeflingu og miðast við einstaklingsbundnar þarfir og aðstæður hvers og eins.

##### 3. gr.

##### *Stuðningur*

Stuðningsþjónusta er ætluð þeim sem búa á eigin heimilum og þurfa stuðning vegna skertrar getu, fötlunar, fjölskylduaðstæðna, álags eða veikinda. Stuðningsþjónusta samkvæmt reglum þessum er veitt bæði innan og utan heimilis. Almenn stuðningsþjónusta er veitt samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 að hámarki 60 klukkustundir á mánuði. Sé einstaklingur metin í meiri stuðningsþörf og er með skilgreinda fötlun skv. lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2019 og Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks er átt við stoðþjónustu.

Með stuðnings- og stoðþjónustu í reglum þessum er átt við eftirfarandi stuðning:

- a. *Félagsleg- og sérhæfð ráðgjöf* er fyrir alla einstaklinga með lögheimili í Árborg og geta óskað eftir ráðgjöf hjá Velferðarþjónustu Árborgar. Meðal annars á sviði fjármála, uppeldismála, húsnæðismála og fjölskyldumála. Sérhæfð ráðgjöf felst í að veita fötluðu fólki og aðstandendum þeirra ráðgjöf og stuðning til að aðstoða fatlað fólk til sjálfshjálpar.
- b. *Stuðningsþjónusta við athafnir daglegs lífs*, sem tekur mið af þörfum viðkomandi, þarfir eru metnar á einstaklingsgrundvelli og getur aðstoð verið veitt í gegnum skjáheimsóknir.
- c. *Stuðningur við heimilishald* er stuðningur við þau verk sem þarf að leysa af hendi á heimili notanda svo hann geti búið heima en getur ekki sinnt sjálfur. Auk þess er veittur stuðningur við að nýta velferðartækni sem auðveldar notanda heimilishald og starfsfólki að veita þjónustu. Stuðningur er ekki veittur í þeim tilvikum þegar aðrir aðilar deila ábyrgð á heimilishaldi og eru færir um að sinna því. Þrif á vegum sveitarfélagsins eru viðhaldsþrif á rýmum í daglegri notkun. Ekki er um hreingerningu eða tiltekt að ræða. Aðstoðin er að jafnaði veitt á tveggja til fjögurra vikna fresti. Mat á stuðningsþörf er gert áður en þjónusta hefst og byggist á færni allra sem búa á heimilinu. Leitast er við að koma til móts við einstaklingsbundnar þarfir hvers og eins. Notandi skal vera á heimilinu þegar stuðningur er veittur og taka þátt í þeim verkum sem leysa þarf af hendi eftir því sem kostur er. Ef aðstæður eru með þeim hætti að notandi getur ekki verið til staðar getur stuðningur farið fram með skriflegu samþykki notanda í algjörum undantekningartilfellum.
- d. *Einstaklingsstuðningur* miðar einkum að því að rjúfa félagslega einangrun og hefur það markmið að styðja og hvetja notanda til félagslegrar þátttöku. Einstaklingsstuðningur er einnig veittur þegar um er að ræða alvarleg veikindi og aðstæður sem eru með þeim hætti að viðkomandi getur búið heima, ásamt öryggisinnliti þegar þörf er á. Tímafjöldi í einstaklings stuðning er metin út frá viðeigandi matstækjum og stöðu hverju sinni.
- e. *Heimsending matar* er fyrir þá notendur sem ekki geta annast matseld sjálfir og/eða hafa ekki tækni á að borða í mötuneyti í félagsmiðstöð eldri borgara í Árborg sem er staðsett í Grænumörk á Selfossi.
- f. *Endurhæfing í heimahúsi* er tímabundin og byggir á þeim markmiðum sem notandi setur sér og eru honum mikilvæg til að ráða við daglegt líf.
- g. *Notendasamningur* er gerður þegar einstaklingar hafa verið metnir fyrir stoðþjónustu sækja um að gerður verði notendasamningur. Í notendasamningnum er fjallað um framkvæmd þjónustunnar.

- h. *Skammtímadvöl* markmið með skammtímadvöl er að veita fötluðum einstaklingum kost á að dvelja tímabundið utan heimilis síns meðan beðið er eftir annarri sértækri þjónustu svo sem búsetu. Um skammtímadvöl gilda reglur Bergrisans, byggðasamlags um málefni fatlaðs fólks á Suðurlandi.
- i. *Húsnæði fyrir fatlað fólk* skilgreinist sem íbúðarhúsnæði sem gert hefur verið aðgengilegt fyrir tiltekna notkun eða skilgreint sérstaklega fyrir tiltekinn hóp fatlaðs fólks. Húsnæði fyrir fatlað fólk skiptist í sértækt húsnæði fyrir fatlað fólk og í húsnæði með stuðningi skv. eftirfarandi skilgreiningu. Með húsnæði fyrir fatlað fólk er átt við húsnæðisúrræði í skilningi reglugerðar um húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk nr. 370/2016, sbr. 3. mgr. 9. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Um húsnæði fyrir fatlað fólk gilda reglur Bergrisans, byggðasamlags um málefni fatlaðs fólks á Suðurlandi. Við veitingu stuðnings skal leitast við að nýta stafrænar og tæknilegar lausnir, í samráði við viðkomandi einstakling.

## II. kafli

### Skilyrði fyrir stuðnings- og stoðþjónustu

#### 4. gr.

#### *Skilyrði fyrir því að umsókn um stuðningsþjónustu verði samþykkt*

#### **Umsækjandi skal uppfylla ákveðin skilyrði til að fá þjónustu samkvæmt reglum þessum:**

- Umsækjandi skal vera orðinn 18 ára. Ef um er að ræða stuðning við barnafjölskyldur vísast til reglna Sveitarfélagsins Árborgar um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra.
- Umsækjandi skal eiga lögheimili í Árborg þegar sótt er um.
- Umsækjandi skal búa í sjálfstæðri búsetu. Einstaklingar, sem dveljast á sjúkrahúsi/eru innlagðir á spítala, búa á hjúkrunarheimili eða stofnun þar sem greidd eru daggjöld frá ríkinu, eiga ekki rétt á þjónustu samkvæmt reglum þessum.
- Umsækjandi skal vera metinn í þörf fyrir stuðningsþjónustu samkvæmt 8. gr. reglna þessara.
- Umsækjandi um stoðþjónustu skal teljast fatlaður í skilningi laga, sbr. 1. og tl. 2.gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

## III. kafli

### Umsóknir og mat

#### 5. gr.

#### *Umsókn*

Sækja skal um stuðningsþjónustu með rafrænum hætti á mínum síðum á heimasíðu sveitarfélagsins eða í afgreiðslu velferðarþjónustu Árborgar, í ráðhúsi. Umsókn er aðgengileg á heimasíðu Árborgar og skal hún undirrituð á sérstakt umsóknareyðublað eða staðfest með rafrænum skilríkjum af hálfu umsækjanda.

Ef heilbrigðisstarfmaður sækir um stuðningsþjónustu fyrir hönd einstaklinga er mikilvægt að gætt sé að því að umsókn sé undirrituð af hálfu einstaklings eða af heilbrigðisstarfsmanni í umboði hans. Ef það er ekki gert telst umsókn ófullnægjandi og fer ekki í afgreiðsluferli.

#### **6. gr.**

#### ***Fylgigögn með umsókn um stuðning við heimilishald***

Með undirritun á umsókn um stuðnings við heimilishald er umsækjandi upplýstur um heimild velferðarþjónustu til að afla nauðsynlegra gagna frá þeim aðilum sem þar eru tilgreindir svo hægt sé að afgreiða umsóknina. Með umsókninni þarf að fylgja læknisvottorð allra heimilismanna, 18 ára og eldri, sem útskýrir þörf á stuðningi við heimilishald. Gögn þurfa að berast innan þriggja mánaða frá því að umsókn um stuðning berst.

#### **7.gr.**

#### ***Fylgigögn með umsókn um stoðþjónustu***

Með umsókn um stoðþjónustu skulu eftirfarandi gögn liggja fyrir, eftir því sem við á:

- Örorkumat
- Staðfesting á fötlun, s.s. fullnægjandi læknisvottorð eða staðfesting frá Ráðgjafar- og greiningarstöð, Proska- og hegðunarstöð eða barna- og unglingageðdeild Landspítala.
- Viðkenndar og samræmdar matsaðferðir s.s. SIS og RAI.

#### **8. gr.**

#### ***Mat á stuðningsþörf***

Umsóknir um stuðningsþjónustu eru metnar af fullorðinsteymi velferðarþjónustu Árborgar. Haft er samband við umsækjanda eins fljótt að auðið er eftir að umsókn berst. Mat á stuðningsþörf fer fram í samvinnu við umsækjanda og er matið framkvæmt á heimili umsækjanda eða í húsnæði velferðarþjónustu. Við matið er tekið tillit til markmiða og þarfa umsækjanda fyrir stuðning, líkamlegs og andlegs heilsufars, félagslegrar virkni, styrkleika og félags- og fjölskylduaðstæðna og færni hans til að sinna athöfnum daglegs lífs.

Þegar aðstoð við heimilishald er metin og fleiri fullorðnir einstaklingar búa á heimilinu skal matið hvort þeir séu færir um að annast heimilishaldið. Mat á stuðningsþörf nær einnig til möguleika á að nýta tækni, hjálpartæki og/eða þess að breyta verklagi í athöfnum daglegs lífs með tilliti til nýrrar tækni ef mögulegt er. Við mat á stuðningsþörf skal einnig taka mið af mati samkvæmt viðeigandi matstækjum (s.s. COPM mat (Canadian Occupation Performance Measure) og RAI mat (Inter Resident Assessment Instrument-Home Care)).

Þegar mat á stuðningsþörf hefur verið framkvæmt er umsóknin tekin fyrir á fundi matsteymis stuðningsþjónustu og þar er tekin ákvörðun um tegund, umfang og eðli þess stuðnings sem veittur verður. Umsækjandi fær skriflegt svar þar sem fram kemur hvernig umsókn hans hefur verið afgreidd. Þegar umsókn um stuðningsþjónustu hefur verið samþykkt af matsteymi er gerð stuðningsáætlun og stuðningur getur hafist í kjölfarið.

Þegar sérstakar aðstæður krefjast þess, s.s. við útskrift af spítala með skömmum fyrirvara, er heimilt að hefja stuðning þótt samþykktarferli matsteymis stuðningsþjónustu sé ekki lokið, mat þarf að hafa farið fram áður og heimild til upplýsingaöflunar verið veitt. Þegar um er að ræða alvarleg veikindi skal stuðningurinn ætíð metinn, skipulagður og samhæfður með fagaðilum heimahjúkrunar í samræmi við þarfir notanda.

Sé niðurstaða mats sú að aðstæður umsækjanda séu ekki með þeim hætti að þörf sé á stuðningi ber að synja umsókninni.

### **9. gr.** **Stuðningsáætlun**

Áður en stuðningurinn hefst skal gert samkomulag um stuðning, þ.e. stuðningsáætlun, með notanda út frá viðeigandi lagaramma. Stuðningur byggir ætíð á skýrum markmiðum og árangur er metinn reglulega.

Í stuðningsáætlun kemur eftirfarandi fram:

1. Markmið notanda með stuðningi.
2. Hvernig settum markmiðum með þjónustunni skuli náð.
3. Hvaða stuðning og umfangi er um að ræða og hvernig hann skuli veittur.
4. Gildistími áætlunar út frá samþykkt á stuðning.
5. Notkun húslykla notanda (ef slíkt á við).

Stuðningsáætlun skal unnin í samvinnu við notanda. Náist ekki samkomulag um umfang og fyrirkomulag stuðnings skal málinu vísað aftur til matsteymis stuðningsþjónustu sem leggur faglegt mat á viðkomandi stuðningsáætlun með hliðsjón af mati á stuðningsþörf umsækjanda.

Tryggja skal að notandi geti komið sínum sjónarmiðum á framfæri á þann hátt sem hentar viðkomandi. Matsteymi er skipað fulltrúum og ráðgjöfum velferðarþjónustu og félagslegrar stuðningsþjónustu.

### **10. gr.** **Forgangsröðun umsókna**

Fullnægi umsækjandi skilyrði 4. gr. reglna þessara raðast umsóknir í forgangsröð með hliðsjón af mati á stuðningsþörf umsækjanda. Sé ekki unnt að hefja stuðning um leið og umsókn er samþykkt skal tilkynna umsækjanda um ástæður þess, forgangsröðun umsóknar hans og hvenær áætlað er að stuðningur geti hafist. Ef mál fellur undir lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 verður umsækjandi upplýstur um áætlaðan biðtíma eftir bestu getu og hvaða stuðningur standi honum til boða á biðtímanum, sbr. 1. mgr. 3. gr. Reglugerðar um biðlista, forgangsröðun og úrræði á biðtíma eftir þjónustu nr. 1035/2018. Þá skal veita aðra viðeigandi þjónustu á biðtíma.

## **IV. kafli**

### **Framkvæmd**

#### **11. gr.**

##### ***Gjaldskrá***

Greitt er fyrir stuðningsþjónustu, þ.e. stuðning við heimilisþrif og heimsendan mat samkvæmt gildandi gjaldskrá sbr. 4. mgr. 26. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

Undanþegnir gjaldskyldu hvað varðar stuðning við heimilisþrif eru þeir sem einungis hafa tekjur samkvæmt framfærsluviðmiði Tryggingastofnunar ríkisins eða þar undir.

#### **12. gr.**

##### ***Tími og umfang stuðnings***

Stuðningur samkvæmt reglum þessum er veittur á milli kl. 07.00 og 23.00. Um kvöld, helgar og hátíðardaga er veittur sértækur stuðningur við nauðsynlegar athafnir dagslegs lífs.

Um umfang stuðnings vísast til 5. mgr. 26. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018. Ákvörðun um stuðning felur í sér aðstoð sé að jafnaði veitt í tiltekinn fjölda skipta á grundvelli mats á stuðningsþörf.

#### **13. gr.**

##### ***Gildistími og endurmat***

Stuðningur skal vera samþykktur til ákveðins tíma og þörfin skal ávallt vera endurmetin eigi sjaldnar en á 12 mánaða fresti. Stuðningsáætlun skal vera metin í samvinnu við þann sem nýtur stuðningsins.

Ef stuðningsþörf er langvarandi skal gera endurmat á 24 mánaða fresti. Þegar um þjálfun á vegum endurhæfingarteymis er að ræða fer fram símat á árangri endurhæfingar. Notanda ber að upplýsa velferðarþjónustuna um breytingar á högum sínum sem áhrif kunna að hafa á fyrirliggjandi mat á þeim.

Ef um er að ræða verulegar breytingar eftir að umsókn hefur verið samþykkt er heimilt að endurskoða gildistíma samþykkis og stuðningsáætlun.

## **V. kafli.**

### **Ýmis ákvæði**

#### **14. gr.**

##### ***Kostnaður***

Sá kostnaður sem hlýst af einstaklings stuðning utan heimilis ber notanda að greiða fyrir sjálfan sig. Kostnaður einstaklings stuðnings skal tengjast markmiðum þjónustunnar.

**15.gr.**

***Lyklar notenda***

Ef starfsmaður þarf lykil að heimili notanda skal lykill/raflás geymdur á starfsstöð viðkomandi starfsmanni. Haldin skal skrá yfir notkun lykilsins/raflásins og ber forstöðumaður félagslegrar stuðningsþjónustu ábyrgð á skrá þeirri.

**16.gr.**

***Fjármunir notenda***

Óheimilt er fyrir starfsmenn að fara með fjármuni notenda. Starfsmanni er þó heimilt að styðja notenda til innkaupa nauðsynvara án þess að fara með fjármuni hans.

**17.gr.**

***Vinnuaðstæður***

Aðstæður á heimilum skulu vera í samræmi við lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980 og skal því gætt fyllsta öryggis og tryggja að viðeigandi áhöld og búnaður sé til staðar.

Sé öryggi starfsfólks ógnað á heimilinu, t.d. vegna óreglu eða áreitni notanda getur þurft að fresta stuðningi eða breyta fyrirkomulagi hans á meðan unnið er í málinu og úrbætur gerðar.

**VI. Kafli.**

**Málsmeðferð**

Um málsmeðferð gilda ákvæði stjórnisýslulaga nr. 37/1993 og ákvæði XVI. og XVII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og ákvæði VII. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

**18. gr.**

***Viðeigandi aðlögun***

Við alla vinnslu og meðferð umsókna samkvæmt reglum þessum skal tryggja að viðeigandi stuðningur, aðstoð og leiðbeiningar séu veittar til að umsækjandi geti nýtt sér stuðninginn. Í því felst m.a. að upplýsingar séu settar fram á því formi sem viðkomandi einstaklingur getur nýtt sér, tryggt sé að hann komi sínum sjónarmiðum á framfæri og sé kynntur réttur sinn til að vísa máli sínu lengra, telji hann þörf á.

**19. gr.**  
***Könnun á aðstæðum***

Kanna skal aðstæður umsækjanda svo fljótt sem unnt er eftir að umsókn um stuðningsþjónustu berst.

**20. gr.**  
***Samvinna við umsækjanda***

Við meðferð umsóknar, öflun gagna og upplýsinga sem og við ákvarðanatöku skal leitast við að hafa samvinnu og samráð við umsækjanda eftir því sem unnt er en að öðrum kosti við lögráðamenn, persónulegan talsmann eða aðstandendur hans eftir því sem við á.

**21. gr.**  
***Endurskoðun***

Rétt til stuðnings samkvæmt reglum þessum má endurskoða hvenær sem er. Meta skal hvort umsækjandi fullnægi skilyrðum reglna þessara og hvort breytingar sem orðið hafa á aðstæðum umsækjanda og/eða annarra heimilismanna hafi áhrif á rétt hans og umfang þjónustu.

**22. gr.**  
***Rangar eða villandi upplýsingar***

Ef sannreynt er við meðferð máls að upplýsingar sem umsækjandi hefur veitt eru rangar eða villandi, stöðvast afgreiðsla umsóknarinnar á meðan umsækjanda er gefið tækifæri á að leiðrétta eða bæta úr annmörkum.

Ef umsókn um stuðningsþjónustu hefur verið samþykkt og í ljós kemur síðar að hún var byggð á röngum eða villandi upplýsingum af hálfu umsækjanda getur það leitt til afturköllunar ákvörðunar.

**23. gr.**  
***Varðveisla gagna, trúnaður og aðgangur að gögnum***

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt á öruggan hátt í samræmi við lög um opinber skjalasöfn, nr. 77/2014, skjalavistunaráætlanir og reglur sveitarfélagsins.

Starfsmenn eru bundnir þagnarskyldu um málefni er leynt eiga að fara samkvæmt lögum eða eðli máls.

Starfsmönnum er óheimilt að rjúfa trúnað nema að fengnu samþykki viðkomandi. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

Umsækjandi getur óskað eftir aðgangi að fyrirliggjandi gögnum er varða hann sjálfan. Við mat á því hvaða gögnum verður miðlað skal meðal annars litið til ákvæða persónuverndarlaga, upplýsingalaga auk annarra laga og reglna sem kunna að eiga við hverju sinni.



Vinnsla mála og varðveisla gagna byggist á lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018. Upplýsingar um vinnslu persónuupplýsinga má finna í persónuverndarstefnu Árborgar sem aðgengileg er á vefsíðu sveitarfélagsins.

#### **24. gr.**

##### ***Leiðbeiningar til umsækjanda***

Við afgreiðslu umsóknar skal starfsfólk velferðarþjónustu Árborgar bjóða umsækjanda ráðgjöf ef þörf er á og veita upplýsingar og leiðbeiningar um réttindi sem hann kann að eiga annars staðar. Þá skal starfsmaður einnig upplýsa umsækjanda um þær skyldur sem kunna að hvíla á honum vegna framkvæmdar samkvæmt reglum þessum. Sérstaklega skal gætt að frumkvæðisskyldu hvað varðar þjónustu við fatlað fólk, sbr. 32.gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

#### **25. gr.**

##### ***Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum***

Starfsfólk velferðarþjónustu Árborgar tekur ákvarðanir samkvæmt reglum þessum í umboði velferðarnefndar Árborgar. Umsóknir um þjónustu á grundvelli þessarar reglna eru afgreiddar með þeim hætti að þær eru teknar til umfjöllunar á afgreiðslufundi stoð- og stuðningsþjónustuteymis Árborgar. Teymisstjóra fullorðinsteymis og forstöðumanni félagslegrar stuðningsþjónustu er heimilt að taka endanlega ákvörðun um afgreiðslu umsóknar en í fjarveru þeirra deildarstjóri velferðarþjónustu.

#### **26.gr.**

##### ***Niðurstaða og rökstuðningur synjunar***

Kynna skal niðurstöðu umsóknar svo fljótt sem unnt er. Sé umsókn synjað skal umsækjandi fá svar þar sem vísað er með skýrum hætti til viðeigandi lagaákvæða og/eða ákvæða í reglum þessum og honum leiðbeint um heimild til að óska rökstuðnings fyrir synjun.

Upplýsa skal umsækjanda um rétt hans til að fara fram á að velferðarnefnd Árborgar taki umsóknina til meðferðar en slík beiðni skal berast nefndinni skriflega innan fjögurra vikna frá því að umsækjanda barst vitneskja um ákvörðun.

#### **27. gr.**

##### ***Heimild velferðarnefndar Árborgar til að endurskoða afgreiðslu umsókna***

Um velferðarnefnd Árborgar gilda reglur þar að lútandi sem byggja á 3. mgr. 6. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga. Velferðarnefnd Árborgar hefur heimild til að veita undanþágu frá reglum þessum ef sérstakar málefnalegar ástæður liggja fyrir og umsækjandi/notandi fer fram á það með sérstakri beiðni til velferðarnefndar Árborgar innan fjögurra vikna frá því honum barst vitneskja um ákvörðun. Með sama hætti getur velferðarnefnd Árborgar endurskoðað afgreiðslur starfsmanna á einstökum málum á grundvelli reglna þessara.

Aðstoð í formi stuðnings- og stoðþjónustu getur þó hafist á grundvelli ákvörðunar velferðarþjónustu Árborgar þó að mál sé til meðferðar hjá velferðarnefnd Árborgar.

Ákvörðun velferðarnefndar Árborgar skal kynnt umsækjanda og um leið skal honum kynntur réttur hans til málskots til úrskurðarnefndar velferðarmála.

#### **28. gr.**

#### ***Kæra til úrskurðarnefndar velferðarmála***

Umsækjandi getur kært ákvörðun velferðarnefndar Árborgar til úrskurðarnefndar velferðarmála. Skal það gert innan þriggja mánaða frá því að umsækjanda var kunngerð ákvörðun velferðarnefndar Árborgar.

#### **29. gr.**

#### ***Gildistaka***

Reglur þessar kveða á um útfærslu á þjónustu sem sveitarfélögum er skylt að veita og eru settar með stoð í 25.-27. gr.m X og XI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og 1. -3 tl. og 5.tl. 8. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og 1. mgr. 13. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999.

Reglur þessar öðlast gildi þann 1. september 2023. Jafnframt falla þá úr gildi reglur um félagslega heimaþjónustu í Árborg. Sem samþykktar voru á fundi félagsmálanefndar þann 27.11.2011 og á fundi bæjarstjórnar þann 10.01.2012.

- Samþykkt í velferðarnefnd þann 25.05.2023
- Samþykkt í bæjarstjórn þann 21.06.2023
- Reglur þessar taka gildi 01.09.2023
- Breytt í velferðarnefnd þann 30.11.2023
- Samþykkt í bæjarstjórn þann 13.12.2023

#### **Bráðabirgðaákvæði I**

Umsóknir sem samþykktar voru í gildistíð eldri reglna halda gildi sínu í allt að 24 mánuði eftir gildistöku reglna þessara, eða þar til ákvörðun liggur fyrir. Á þeim tíma fer, eftir atvikum, fram endurmat á umsóknum eða þær falla úr gildi ef ekki er lengur þörf fyrir stuðninginn.